



Námsgrein: Myndmennt 4-5. bekkur

Vikustundir: 34

Kennari: Anna Margrét Smáradóttir

Samstarfsfólk:

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
3 – 4 kennslu- stundir	<ul style="list-style-type: none"> - Geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. - Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. 	<p>Hvað getum við notað úr náttúrunni til að skapa myndverk á?</p> <p>Kveikja – hvað sjáum við í steinunum? Sjá allir það sama? Er það ekki allt í lagi?</p>	<p>Nemendur fara út og tína steina. Koma inn og þvo þá og þurrka. Skoða steinana vel og reyna að finna út eitthvert form sem kallar á þá. Mála síðan steinana eftir því sem nemendur sjá.</p>	Mat á afurð.
2 kennslu- stundir	<ul style="list-style-type: none"> - Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. 	<p>Frumlitirnir ræddir – getum við búið til frumlitina?</p> <p>Blöndun lita kennd.</p>	<p>Litahringur – nemendur fræðast um frumlitina og búa til heilan litahring.</p>	Mat á tileinkun efnisins.
2 kennslu- stundir	<ul style="list-style-type: none"> - Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. - Geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. 	<p>Kveikja – mismunandi skriftir. Fólk skrifar mismunandi og enginn eins. Er eins og hálfgerð dna. Hægt að greina hver skrifaði hvað.</p>	<p>Nafnið mitt – nemendur æfa sig í að skrifa nafnið sitt í ýmsum útgáfum. Tengiskrift, ekki tengiskrift, skopstíl os.frv. Að lokum er farið ofaní lokaútkomuna með dekkri blýanti og þrykkt yfir á hinn helminginn á blaðinu. Skreytt og litað.</p>	Mat á áhuga við að æfa sig og framlag í tímanum. Skissur og lokaútkoma metin.
2 kennslu- stundir	<ul style="list-style-type: none"> - Geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. - Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. 	<p>Kveikja – áferðir.</p> <p>Mismunandi feldur á dýrum. Litir.</p>	<p>Mála andlit á dýri með gaffli – nemendur velja sér dýr. Teikna fyrst gogginn og augun á dýrið. Síðan nota þeir gaffal til þess að gera andlitið og þá kemur skemmtileg háráferð</p>	Mat á afurð og vinnusemi í tíma.



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
4 kennslu- stundir	<ul style="list-style-type: none"> - Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. 	<p>Ferlið kennt.</p> <p>Hvernig getum við litað pappírinn náttúrulega?</p> <p>Hvað er hægt að nota sem gefur lit?</p>	Pappamassaskál. Nemendur bleyta pappírinn sjálfir og blanda hann í blandara.	Mat á samvinnuhæfni og lokaútkomu.
2 kennslu- stundir	<ul style="list-style-type: none"> - Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. - Geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. - Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. - Geti greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi. 	<p>Abstrakt list kynnt til sögunnar. Myndir sýndar.</p> <p>Rætt um að við getum stundum ekki stjórnað öllu.</p>	Málað með tám og fingrum. Nemendur mála listaverk, þar sem ákveðin fyrirsmáli eru gefin, með pensli með tánum.	Vinnan í tíma metin sem og notkun lita, myndbyggingar og formfræði.
6-8 kennslu- stundir	<ul style="list-style-type: none"> - Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. - Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. - Geti útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki - Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. - Geti fjallað um eigin verk og annarra. - Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu. - Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar. 	<p>Nemendur kynna sér tröll á Íslandi. Þjóðsögur lesnar og myndefni skoðað. Hýbýli trölla skoðuð sem og fatnaður og matur.</p> <p>Nemendur vinna saman í hóp til að búa til umhverfi tröllanna sinna. Tröll skissuð fyrst upp og síðan mótuð í leir. Sem og umhverfið, en það verður unnið úr verðlausum efniviði.</p>	Tröllaævintýri – nemendur kynna sér myndir af tröllum, þjóðsögur skoðaðar. Nemendur teikna sín eigin tröll. Síðan búa nemendur til sín tröll úr leir og útbúa helli og umhverfi úr margvíslegum verðlausum efniviði.	Mat á kynningu og framsetningu verkefnis. Hópurinn kynnir fyrir hinum. Tröllin og hýbýli þeirra verða svo til sýnis.



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
2 kennslu- stundir	<ul style="list-style-type: none"> - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. - Geti unnið hugmynd frá skissu að lokaverkefni bæði fyrir tví- og þrívíð verk. - Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar. 	Kveikja – hvað er það sem helst einkennir jólin? Hver eru helstu form jólaskrauts? Nemendur skissa jólaskrautið upp.	Leir – Nemendur velja sér verkefni til þess að útbúa jólaskraut úr sjálfharðnandi leir. Skreytt.	Mat á lokaafurð og skissuvinnu.
3-4 kennslu- stundir	<ul style="list-style-type: none"> - Geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. - Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. - Geti unnið hugmynd frá skissu að lokaverkefni bæði fyrir tví- og þrívíð verk. 	Kveikja – hvað er þrívídd? Hvernig eru húsín í götunni þegar við horfum upp götu? Eru þau öll jafn stór?	Hús í þrívídd – nemendur læra að teikna hús og götur út frá einum punkti.	Lokaafurð metin og tileinkun á efninu.
2-3 kennslu- stundir	<ul style="list-style-type: none"> - Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. - Geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. - Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. 	Kveikja – andstæður Kúbismi - picasso	Ég – á línu. Nemendur teikna beinar línur. Þvert og kruss um blaðið. Andstæðulitir	Mat á notkun lita. Mat á afurð. Tileinkun á efni verkefnisins.
2-4 kennslu- stundir	<ul style="list-style-type: none"> - Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. - Geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. - Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. - Geti unnið hugmynd frá skissu að lokaverkefni bæði fyrir tví- og þrívíð verk. 	Kveikja – vor og vorlitir. Hvað gerist með gróðurinn á vorin?	Vormynd - Farið út og tekið myndir af blómum og laufblöðum og það síðan teiknað upp og litað með pastellitum.	Mat á lokaafurð og vinnu við að koma viðfangsefninu af mynd yfir á blað.



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á mentor.is undir námsmat.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.